

# Veiðifélag Laxdæla

Aðalfundur

13. apríl 2022

**Fundur haldinn í Veiðihúsinu Þrándargili kl 20:00**

**Fundinn sátu:** F.h. Fjósa Pálmi Jóhannson, f.h. Hrappsstaða Svavar Jensson, f.h. Spágilsstaða Gísli Þórðarson, f.h. Goddastaða Sigmundur Sigmundsson, f.h. Lambastaða Einar Kristjánsson, f.h. Sámsstaða 3 Jón Steinar Eyjólfsson, f.h. Pálssels Ólafur Sveinsson, f.h. Lambeyra Skúli Einarsson, f.h. Svarfhóls Harald Óskar Haraldson, f.h. Engihlíð Harald Ó Haraldson, f.h. Leiðólfsstaða 2 Unnsteinn Hermannsson, f.h. Hornstaða Ólafur Sveinsson, f.h. Höskuldsstaða Harald Óskar Haraldsson, f.h. Sauðhúsa Jón Egilsson, f.h. Hjarðarholts Björk Baldursdóttir, f.h. Leiðólfsstaða 1 Bjarni Hermannsson, f.h. Grafar Katarínus Jónsson og f.h. Ás Sæmundur Jóhannsson.

## 1. Setning fundar

*Ólafur Sveinsson bíður félagsmenn velkomna við afaróvenjulegar aðstæður vegna framkvæmda við húsið og setur aðalfund veiðifélagsins 2022*

## 2. Skipun fundarstjóri og fundarritara

*Tillaga að Sveinn Gestsson stjórnaði fundi sem var samþykkt samhljóða. Tillaga að ritara Pálmi Jóhannsson sem var samþykkt samhljóða. Kjörbréf yfirfarin og samþykkt.*

## 3. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.

*Ólafur Sveinsson formaður tekur til máls.*

*Ég flyt hér skýrslu stjórnar um starfsemi Veiðifélags Laxdæla frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 28 maí sl.*

*Starfsemi VL hefur verið í hefðbundnum farvegi að mestu leiti, en til viðbótar hefðbundinnar starfsemi hafa staðið yfir framkvæmdir við veiðihúsið eins og öllum er kunnugt um og vísa ég þar til kynningar og ákvörðunar á félagsfundi sem haldinn var 14. janúar síðastliðinn.*

*Síðastliðið sumar veiddust 1.023 laxar í Laxá og samkvæmt veiðivefnum angling.is er Laxá í 7. sæti laxveiðiáa í landinu á síðastliðnu ári yfir fjölda veiddra laxa og aðeins ofar ef skoðaðir eru veiddir laxar á stöng. Tel ég að þessi staða sé mjög ásættanleg.*

Nýr samningur við Hreggnasa var kynntur og samþykktur á félagsfundinum þann 14. Janúar síðastliðnum, eins voru þar kynnt áform um framkvæmdir við veiðihúsið og heimild samþykkt fyrir lántöku v/framkvæmda. Síðar á fundinum verður gerð grein fyrir stöðu framkvæmda og einnig sjáið þið stöðuna hér með eigin augum, en stjórn taldi rétt að halda fundinn hér, þó aðstæður væru aðeins fúmsstæðar, til að kynna ykkur stöðuna.

Eins og við var að búast hefur ýmsilegt komið í ljós þegar veggir voru opnaðir, sem leiddi til þess að umfang framkvæmda verður eitthvað meiri en upphaflega vara áætlað. Í sjálfu sér ekkert sem hefur komið verulega óvart, en kannski staðfestir það að þessar framkvæmdir voru löngu tímabærar og í framhaldinu, er það mitt mat að huga þurfi betur að samfelldu viðhaldi hússins. Utanumhald framkvæmda hafa hvílt mest á herðum Pálma og einnig hefur Jón Steinar komið þar að, auk fjölda vaskra manna aðallega heimamanna sem unnið hafa frábært starf til þessa og allt útlit er til þess að þeim hluta framkvæmdanna sem ljúka átti fyrir veiðitímabil sumarsins verði lokið á réttum tíma. Gerð verður grein fyrir fjárhagsstöðu framkvæmda og farið yfir framkvæmdirnar undir sérstökum dagskrárlið hér síðar á fundinum.

Veiðitölurnar, endurbætur og lagfæring á veiðihúsi ásamt áframhaldandi gerð og viðhald veiðistaða er mikilvægur þáttur í því að gera Laxá í Dölum að einni eftirsóttustu laxveiðiá landsins, sem er forsenda þess að hámarka arð til landeiganda. Þeir sérfræðingar á þessu sviði sem rætt er við, eru

sammála um að Laxá hafi alla burði til að vera á top tíu lista laxveiðiáa á Íslandi.

Rekstur félagsins var í góðu jafnvægi á síðastliðnu ári og í samræmi við áætlanir, farið verður yfir rekstur félagsins hér á eftir.

Haldið verður áfram við að þróa nýja veiðistaði og lagfæra eldri í samráði við landeigendur. Þessi vinna er gríðarlega mikilvæg í að halda Laxá í efstu sætum yfir laxveiði í landinu og mættu landeigendur sýna meira frumkvæði og vera í sambandi við stjórnarmenn um hver afstaða þeirra er í þessu verkefni fyrir sínu landi. Sótt var um styrk úr Fiskiræktarsjóði til þessa verkefnis eins og á síðasta ári, svar hefur ekki borist, en óháð því munum við sbr. rekstraráætlun sem kynnt verður á eftir framkvæmda eitthvað á þessu sviði.

Staðan á gerð arðskrár er þannig að nefndin hefur fengið öll umbeðin gögn, skv. upplýsingum frá einum nefndarmanni má búast við því að „þinghald“ fari fram á haustdögum, þannig að gangi allt eftir gæti ný arðskrá tekið gildi á næsta ári.

Framhald hefur verið á viðræðum við eigendur Sólheima um vatnsmiðlun, en niðurstaða liggur ekki fyrir.

Ágætir félagsmenn höldum áfram að styrkja og bæta áнна, takk fyrir

**4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar og umræða um þá.**

*Jón Steinar fer yfir ársreikningana 2021 og eru þeir samþykktir samhljóða.*

## **5. Rekstraráætlun**

*Jón Steinar tekur til máls, rekstraráætlun fyrir 2022 yfirfarin. Áætlaðar tekjur með lántöku uppá 88.250.000 kr. samtals 129.350.000 kr. Áætluð gjöld ársins eru 129.350.000 kr. þar af byggingarkostnaður 100.000.000 kr. Borið til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða.*

## **6. Kosningar**

*Úr stjórn eiga að ganga Harald Ó Harald og Jón Steinar Eyjólfsson. Báðir gefa kostá sér áfram og er það samþykkt samhljóða. Kostning varamanns Katarínus Jón Jónsson mun gefa kost á sér áfram og er það samþykkt samhljóða.*

*Kosning Skoðunarmanna tillaga af Sæmundi Jóhannssyni og Jóhönnu Maríu Sigmundsdóttir sem aðal skoðunnarmenn og er það samþykkt samhljóða og Skúla Einarsyni sem varamanni. Kostning fulltrúa á fund LandssambandsVeiðifélaga var tilaga á Jóni Egilsyni og var það samþykkt samhljóða.*

## **7. Kaffihlé**

## **8. Veiðistaðagerð**

*Óli Sveins fer yfir veiðistaðagerð í Laxá og hvetur landeigendur til að benda á nýja veiðistaði. Svavar Jensson spyr um nýja staði og er búið að bæta 7-10 nýjum veiðistöðum. Skúli Einarsson bendir á að veiði á nýjum stöðum sé ekki að skila sér í skráningu.*

## **9. Arðskrá**

*Óli Sveins fer stuttlega yfir arðskrá en engar nýjar upplýsingar komnar fram.*

## **10. Staða framkvæmda í Þrándargili**

*Jón Steinar fer yfir stöðuna og upplýsir fundinn um gang mála. Kostnaður við framkvæmdir 13. Apríl er kominn í ca. 50.000.000 kr og er það nokkurnvegin á pari við kostnaðaráætlun. Pálmi Jóhannsson tekur til máls og fer yfir verkplön næstu vikna. Stefnt er að því að vera komin út úr húsi maí-júní.*

## **11. Önnur mál**

*Unnsteinn Hermannsson tekur til máls og lýsir ánægju sinni með gang mála í framkvæmdum, einnig spyr Unnsteinn út í landamerki eða lóðamörk milli Þrándargils og Leiðólfsstaða. Verið er að kanna sjöl um lóðamörk.*

*Bjarni Hermannsson spyr um minnkagildir og óskar eftir því að jörðin Þrándarkot verði seld og spyr hvort eigi að kaupa nýja rotþró.*

*Pálmi Jóhannsson bendir á að það þurfi að búa til mön fyrir ofan hús til að verja það fyrir ofanflóðahættu úr gílinu.*

Fleira ekki gert Ólafur Sveinsson slítur fundi kl 21:30

*Stjórn Veiðifélags Laxdæla*

*Ólafur Sveinsson*

*Jón Steinar Eyjólfsson*

*Pálmi Jóhannsson*

*Harald Óskar Haraldson*

*Jón Egilsson*